I

Eygló hafði ekki dvalið lengi í húsinu þegar hún tók að skynja óþægindin sem konan sagðist finna fyrir.

Í gegnum tíðina hafði hún fengið nokkrar slíkar beiðnir frá fólki sem vildi fá hana heim til sín vegna þess að það fann fyrir einhverri óútskýrðri vanlíðan. Vildi jafnvel spyrja eftir horfnum ástvinum og talaði um ókennileg hljóð í húsum sínum. Eygló gaf sig ekki að slíkri draugaleit nema í undantekningartilvikum og með töluverðri þrjósku og ákveðni tókst henni einnig að losna við þessa konu úr símanum. Sá friður varði stutt.

Tveimur dögum síðar hringdi dyrabjallan heima hjá henni. Miðaldra kona sem Eygló hafði aldrei séð áður brosti vandræðalega. Þetta var að kvöldlagi um haust og konan stóð í grenjandi rigningu á tröppunum hjá henni og sagðist hafa rætt við hana í síma fyrir skemmstu um húsið sitt. Hún var fljót að taka fram að hún vildi alls ekki að Eygló héldi miðilsfund eða skyggnilýsingu eða hvað það héti allt, heldur vildi hún aðeins biðja hana að koma í húsið, ganga um það og vita hvort hún yrði einhvers vör sem skýrt gæti vanlíðan hennar, ónotin sem hún fór að finna fyrir eftir að þau fluttu í húsið, nagandi kvíða og ótta sem hún hafði ekki fundið til áður.

Eygló gat ekki látið konuna standa svona úti í rigningunni og bauð henni inn til sín.

– Ég veit að það eru engir draugar til, sagði konan og neitaði að koma lengra inn en í anddyrið, en það er eitthvað með þetta hús. Eitthvað … það er eitthvað. Ég er sannfærð um það og mig langar svo að vita hvort þú finnir það sama. Þú afsakar en … guð, ég held að ég sé að verða biluð.

Eygló bauð henni að setjast á stól þarna frammi og í ljós kom að vinkona Eyglóar hafði vísað á hana eftir að konan leitaði aðstoðar Sálarrannsóknarfélagsins. Málfríður hét hún og hafði sagt

konunni að enginn væri betur til þess fallinn að hjálpa henni en tók fram að Eygló gæti verið treg í taumi. Málfríður hafði áður vísað fólki á hana í óþökk hennar og hlustaði ekkert á það þótt hún hefði margoft sagst vera hætt öllu miðlastússi.

Eygló spurði konuna hvort hún þekkti eitthvað til sögu hússins og hvort hún vissi um aðra sem hefðu upplifað svipaða hluti en konan gat engu svarað henni með það. Þau hjónin hefðu keypt það nákvæmlega fjórum árum fyrr, haustið 1975, og flutt inn með tveimur börnum á unglingsaldri og það var strax eftir nokkra mánuði sem hún byrjaði að fá þessa ónotatilfinningu. Aðrir í fjölskyldunni höfðu ekki orðið varir við neitt.

– Hefurðu gengið í gegnum persónulega erfiðleika nýlega? spurði Eygló varfærnislega.

Hún þurfti að vita hvort konan væri að finna sér afsakanir. Hvort hún væri að flytja sína eigin vansæld og vanlíðan á eitthvað sem ekki var þessa heims svo að hún þyrfti ekki takast á við það sem raunverulega þjakaði hana.

– Maðurinn minn heldur að ég sé … að það sé eitthvað að mér, sagði konan. Hann sendi mig til læknis. Heldur að þetta sé allt í kollinum á mér. Maðurinn minn. Ég held læknirinn líka. Hann skrifaði upp á pillur sem ég vil ekki taka. Ég tek þær ekki. Ég sturta þeim niður í klósettið. Ég sef ekki lengur á nóttunni. Kannski tvo tíma í mesta lagi. Svo vaki ég bara og hlusta á húsið.

– Hvað heyrir þú?

– Stundum ýlfur. Það er eins og grátur.

– Veðráttan hér getur framkallað undarlegustu hljóð. Slást tré utan í húsið? Rafmagnssnúrur eða þvottasnúrur? Hvað með fugla og ketti? Er mikið fuglalíf í kringum húsið?

– Nei, og engin tré. Maðurinn minn segir það sama. Talar um vindinn og regnið. Sjónvarpsloftnetið. Strompinn. Það næðir stundum í kringum hann.

– Heyrirðu raddir?

– Nei, sagði konan. Ég heyri ekki neitt svoleiðis. Ég sagði lækn-

inum það. Ég heyri ekki neitt slíkt og sé ekki neitt. Mér bara líður illa. Mér finnst eins og að það hljóti eitthvað hræðilegt að hafa gerst þarna inni. Það er svoleiðis tilfinning sem ég fæ. Vanlíðan. Geturðu hjálpað mér? Heldurðu að þú getir hjálpað mér? Mig langar til að búa í þessu húsi, það er … mig langar ekki að flytja þaðan en mér líður ekki vel. Ég held að það sé ekki góður andi í húsinu og ég ætlaði að vita hvort þú gætir hjálpað mér.

– Núna?

– Ég er ein heima, sagði konan. Þau fóru norður, maðurinn og börnin. Í heimsókn til móður hans. Ég … við eigum ekki skap saman, við móðir hans.

Eygló horfði á konuna og vissi að hún gæti ekki sent hana eina heim. Henni leið auðsjáanlega illa og hrópaði á hjálp þótt hún gerði það á sinn hljóðláta hátt. Með sjálfri sér reyndi Eygló að finna afsakanir til þess að vísa henni á dyr en fann engar svo að hún klæddi sig í kápu og fylgdi konunni út. Hún var á bíl og Eygló sagðist ætla að elta hana á sínum bíl og þannig óku þær vestur í bæ að húsi konunnar og lögðu fyrir framan það.

Húsið var á tveimur hæðum með kjallara. Það var fremur lítið um sig og klætt skeljasandi sem var farinn að láta á sjá. Konan opnaði með lykli og bauð Eygló inn og lokaði á eftir þeim. Til hægri lágu tröppur niður í kjallarann en þegar komið var inn úr anddyrinu var eldhús á vinstri hönd og dyr inn í stofu skáhallt á móti. Á hægri hönd var stigi upp á efri hæðina. Ljós var kveikt í eldhúsinu og dauf skíma frá standlampa barst úr stofunni.

Eygló fór fljótlega að skilja orð konunnar betur. Hún átti erfitt með að skilgreina ónotin sem hún taldi sig finna fyrir. Konan talaði um að ekki væri góður andi í húsinu þegar hún lýsti upplifun sinni og Eygló fann engin betri orð yfir það.

Regnið buldi á gluggunum og hún gekk um húsið og konan fylgdist með henni fara um jarðhæðina og upp á efri hæð og niður aftur. Þetta var snyrtilegt millistéttarheimili með málverkum á veggjum og fjölskyldumyndum og skrautmunum og tals-

verðu af bókahillum. Eygló spurði hvort það væri einhver sérstakur staður í húsinu þar sem konunni liði verr en annars staðar en hún sagðist ekki vera viss, það væri þá helst í kjallaranum þar sem þvottahúsið væri. Þær fóru þangað niður og Eygló nam staðar á miðju þvottahúsgólfinu og spurði konuna hvort hún hefði tekið eftir því að skynjun hennar væri eitthvað næmari en annarra. Konan neitaði því. Sagðist aldrei hafa orðið vör við neitt svipað þessu.

– Finnur þú eitthvað? spurði hún svo.

– Innilokunarkennd, sagði Eygló. Mér finnst eins og þrengi að mér og … ég er ekki vön svona … eins og köfnunartilfinningu.

– Það er það sama hér, sagði konan. Stundum finnst mér eins og ég sé að kafna og ég veit ekkert af hverju. Ég vaknaði í fyrrinótt með andfælum og mér leið eins og ég væri að drukkna.

Þær fóru aftur upp á jarðhæðina og inn á skrifstofu hjá stiganum sem konan sagði að hefði einu sinni verið barnaherbergi. Eygló svipaðist þar um og án þess að nokkuð sérstakt hrinti því af stað byrjaði hún að hafa „Allt eins og blómstrið eina“ yfir í huganum.

Hún sagði konunni að hún vissi núna hvað hún ætti við en gæti ekki gefið henni nein svör um orsakirnar fyrir vanlíðan hennar og kynni engin ráð til þess að láta henni líða betur. Ef hún skildi hana rétt fundu ekki aðrir fyrir nokkrum sköpuðum hlut og sjálfsagt myndu nýir eigendur ekki gera það heldur.

Konan virtist róast við það eitt að geta rætt þetta við hana.

– Nýir eigendur? sagði hún.

– Ef þú skyldir selja, sagði Eygló. Það er ein lausn. Jafnvel sú einfaldasta. Þú ættir kannski að ræða það við manninn þinn.

Um mánuði síðar sá hún auglýsingu í fasteignablaði og sýndist að konan hefði komist að samkomulagi við eiginmanninn. Frekara ónæði hafði Eygló ekki af þessu máli. Brátt hafði hún gleymt heimsókninni nema hún hugsaði stundum til þeirrar undarlegu

tilfinningar sem hún fann koma yfir sig þarna í húsinu þetta kvöld þegar rigningin buldi á gluggunum og hún gat ekki lýst nema sem óbærilegri innilokunarkennd. Næstum köfnunartilfinningu. Henni hafði fundist eins og veggir hússins þrengdu sífellt meira að henni þangað til engu var líkara en þeir ætluðu að hvolfast yfir hana og gleypa hana í sig.

Hún heyrði ekki aftur um þetta hús í næstum fjörutíu ár.